

L Ö G

um framlenging á gildi laga nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Lög nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti, skulu gilda til 1. júlí 1939.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 11. júní 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

um mat á matjessíld og skozkverkaðri síld.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Öll matjessíld og skozkverkuð síld, sem verkuð er hér á landi og í islenzkri landhelgi, skal metin og flokkuð eftir gæðum, þegar hún er fullsöltuð til útflutnings, af síldarmatsmönnum, undir umsjón síldarmatsstjóra. Hverri sendingu matjessíldar til útlanda fylgi vottorð síldarmatsmanna, og sé í vottorðinu tiltekin nákvæm tala tunna í hverri sendingu og hvaða gæða- (og stærða-) flokki síldin tilheyrir. Í vottorðinu séu einnig tilgreind merki saltenda, söltunarnúmer og matsmerki.

2. gr.

Ráðherra skipar matsstjóra og matsmenn, að fengnum tillögum matsstjóra, og setur þeim erindisbréf. Matsstjóri skal hafa sérþekkingu á öllu því, er lýtur að síldarmati. Hann skal, eftir því sem kostur er á, fylgjast vel með öllum nýjungum og